

Reykjavík, 8. desember 2021

Umsögn Íslenska náttúruverndarsjóðsins - The Icelandic Wildlife Fund (IWF) um umhverfismatsskýrslu, tillögu að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar. Mál nr. 198/2021

IWF gerir alvarlegar athugasemdir við umhverfismatsskýrslu sem unnin var af VSÓ ráðgjöf fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Hafrannsóknastofnun og lögð fram í október 2021. Einnig við tillögur að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar.

Skýrsla VSÓ er svo ónákvæm og inniheldur svo slæmar rangfærslur að ekki er hægt að vinna málið áfram út frá þeim grunni sem þar er lagður. IWF leggur því til að skýrslunni verði hafnað og málið tekið upp í heild að nýju.

Leyfi fyrir eitrunum vegna lúsar ekki fimm heldur 21

Í skýrslu VSÓ er því haldið fram að aðeins hafi þurft að beita lyfjameðhöndlun vegna laxalúsar fimm sinnum á landsvísu (sjá bls 21). Þetta er rangt og með nokkrum ólíkindum að þessu sé haldið fram þegar hin rétta tala er rúmlega fjórum sinnum hærri.

Upplýsingar um fjölda leyfa eru opinberar í fundargerðum Fisksjúkdómanefndar Matvælastofnunar (MAST). VSÓ þarf að skýra af hverju rangar upplýsingar eru birtar.

Frá árinu 2017 hefur MAST gefið út 21 staðbundið leyfi fyrir eitrun eða notkun lyfjafóðurs vegna lúsar (fiski- eða laxalúsar) í sjókvíum. Aðeins nú haust, í september og október, hafa verið gefin út leyfi fyrir eitrunum og lyfjafóðrun á sjö eldissvæðum.

Frá 2017 hafa átta leyfi verið veitt fyrir notkun á Deltamethrin (Alpha Max), sem er skordýraeitur, og þrettán leyfi fyrir notkun á Slice Vet sem er lyfjablandað fóður. Báðum þessum efnum er hellt í sjókvíarnar og berast þaðan í umhverfið.

EITRANIR OG LYFJAFÓÐRUN

2017 - maí

Eitrun Deltamethrin Arnarfjörður

2017 - október

SliceVet Dýrafirði

2018 - júní

Eitrun Deltamethrin (Alpha Max) við Laugardal í Arnarfirði

2018 - júní

Eitrun Deltamethrin við Steinanes í Tálknafirði

2018 - september

SliceVet við Steinanes í Arnarfirði

2018 - október

SliceVet Hringsdal í Arnarfirði

2019 - september

SliceVet Tjaldanesi í Arnarfirði

2019 - september
Eitrun Deltamethrin Hringsdal

2019 - nóvember
Eitrun Deltamethrin Eyrarhlíð í Dýrafirði

2020 - maí (ranglega merkt sem 2019 í heiti á skjali en rétt ártal í PDF)
Eitrun Deltamethrin við Tjaldanes í Arnarfirði.

2020 - september
SliceVet við Haukadalsbót í Dýrafirði

2020 - september
SliceVet við Gemlufall í Dýrafirði.

2020 - október
SliceVet við Steinanes í Arnarfirði

2020 - nóvember
SliceVet við Laugardal í Tálknafirði

2021 - september
SliceVet Eyri í Patreksfirði

2021 - september
SliceVet Kvígindisdal í Patreksfirði

2021 - september
SliceVet Eyrarhlíð 1 í Patreksfirði

2021 - október
SliceVet Fossfjörður inn af Arnarfirði.

2021 - október
SliceVet Haganes í Arnarfirði

2021 - október
Eitrun Deltamethrin Hauganes Dýrafirði

2021 - október
Eitrun Deltamethrin Eyrarhlíð Dýrafirði

Rangar upplýsingar í skýrslu VSÓ um notkun þessarar efna eru grafalvarlegt mál og eiga með réttu að duga útaf fyrir til þess að skýrslunni sé hafnað. Noktun eiturefna í sjókvíaeldi hefur afar skaðleg áhrif á lífríkið í nárenni sjókvíanna og þar að auki geta efnin borist langt með straumum.

Deltamethrin (virka innihaldsefnið í Alpha Max) er eitt mest notaða skordýraeitur í heiminum og hefur notkun þess meðal annars verið harðlega gagnrýnd í Noregi. Rannsóknir sýna að mjög lítið magn af því drepur rækju (sjá t.d. <https://www.fiskeribladet.no/nyheter/ny-forskning-slar-fast-at-lusemidler-tar-livet-av-reker/2-1-651629>) og lirfu humarsins (sjá t.d. <https://www.intrafish.com/aquaculture/anti-sea-lice-drug-used-on-farmed-salmon-has-lethal-impact-on-lobster-larvae/2-1-890228>).

Hafrannsóknastofnun hefur bent á að aflúsunarefni hafi áhrif á hamskipti laxalúsa og að rannsóknir hafi sýnt fram á skaðleg áhrif efnanna á önnur krabbadýr. „Þar sem áætlað sé að kvíar séu í nálægð við rækju í Arnarfirði leggi Hafrannsóknastofnun til að bannað verði að nota aflúsunarefni í nágrenni rækjusvæða.“ (Sjá: <https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/framleidsluaukning-a-laxi-um-4.500-tonn-a-vegum-arnarlax-i-arnarfirdi>)

Hafrannsóknastofnun hefur einnig vakið athygli á því að stór hluti fóðurs endar á sjávarbotninum undir kvíunum og safnast þar upp sem og að skordýraeitríð sem notað er við böðun á lúsasmituðum laxi berst út í umhverfið.

„Lyfjafóður endar að hluta til á botninum þar sem það safnast upp (Selvik o.fl., 2002). Rannsóknir hafa sýnt að 6 – 7% af fóðri fer til spillis í norsku fiskeldi (Torrissen o.fl., 2016) og jafnvel allt að 15% (Strain og Hargrave, 2005). Auk þess botnfellur úrgangur frá fiskum sem inniheldur restar af lyfjum. Lífverur sem lifa við eða á botni á svæðinu innibyrða efnin sem hafa fallið til. Fóðurleifar og úrgangur frá laxinum eru jafnframt étin í vatnssúlunni þegar þau falla til botns. Lyf sem notuð eru við böðun í sjókvíum fara einnig út í umhverfið að meðferð lokinni og hefur því meiri áhrif á lífverur sem eru í uppsjónum, líkt og plöntu- og dýrasvíf, heldur en lyf sem gefin eru í fóðri.“ (Sjá: <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/1574852347-hv2019-56.pdf>)

Kerfisbundið vanmat

Áhrif fiski- og laxalúsar í sjókvíaeldi við Ísland hefur kerfisbundi verið vanmetin af opinberum eftirlitsstofnunum með þessum iðnaði og í umhverfismatskýrslum sjókvíaeldisfyrirtækjanna sjálfra. Afleitt er að sjá sömu vinnubrögð viðhöfð í þessari skýrslu VSÓ, sem unnin er fyrir ANR og Hafrannsóknastofnun og lögð fram í þeirra nafni.

Öllum sem hafa kynnt sér sjókvíaeldi á að vera ljóst að með auknum lífmassa verður lús vandamál. IWF hefur ítrekað kallað eftir því að skylt verði að gefa út staðbundið áhættumat vegna lúsar fyrir hvert sjókvíaeldissvæði, áður en lengra er haldið með útgáfu leyfa. IWF er ekki eitt um þá skoðun.

Þegar lögum um fiskeldi var breytt 2019 var landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra falið að skipa nefnd til að rýna aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun notar við mat á burðarþoli og við gerð áhættumats. Í skýrslu nefndarinnar er einmitt vakin athygli á því að þrátt fyrir að lúsinn sé einn mesti áhættuþáttur sjókvíaeldis gagnvart umhverfinu „skuli mat á hugsanlegum áhrifum fiskeldis á umhverfið á Ísland einskorðast við strokufisk og lífræna mengun,” eins og þar segir (undirstrikun er IWF).

Nefndin var skipuð af ráðherra þann 9. mars 2020. Var Gunnar Stefánsson prófessor í tölfærðri við Háskóla Íslands formaður hennar en auk hans voru í nefndinni Kevin Glover, forsvarsmáður stofnerfðafræðihóps norsku Hafrannsóknastofnunarinnar og dósent við Háskólann í Bergen og Bruce McAdam sem kennir vistfræðilega líkanagerð við fiskeldisstofnun Háskólans í Stirling í Skotlandi.

Nefndin skilaði skýrslu á ensku til ráðherra vorið 2020 og ráðherra skilaði íslenskrri þýðingu hennar auk viðbragða Hafrannsóknastofnunar til Alþingis í ágúst 2020, „Skýrsla sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um niðurstöður óháðrar nefndar um athugun á aðferðafræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar“

Úr skýrslu nefndarinnar:

i. „Norðmenn eru stærstu framleiðendur eldislax í heimi og því má halda fram að Noregur sé það land þar sem áhættumat og mat á umhverfisáhrifum þeirrar greinar eru hvað lengst komin. Í Noregi framkvæmir norska Hafrannsóknastofnunin árleg áhættumat á fiskeldi, einkum og sér í lagi á umhverfislegri sjálfbærni fiskeldis [2-4]. Í þessu árlega áhættumati er farið yfir flest það samspil sem vitað er að eigi sér stað milli fiskeldis og umhverfisins og er þar bent á lús, sem í sumum héruðum Noregs geta leitt til dánartíðni hjá villtum laxi og sjóbirtingsseiðum umfram „bakgrunnsgildi,“ og alinn strokufisk sem blandast við annan fisk af sömu tegund, sem tvo helstu áhættuþættina. Sem stendur felst eftirlit með fiskeldi meðal annars í svonefndu „umferðarljósakerfi“ á héraðsvísu, þar sem lús er gefin til kynna með litunum grænt, gult og rautt.“

ii. „Miðað við þessar bakgrunnsupplýsingar frá Noregi telur nefndin það athyglisvert að sem stendur skuli mat á hugsanlegum áhrifum fiskeldis á umhverfið á Ísland einskorðast við strokufisk og lífræna mengun. Öðrum þáttum umhverfislegrar sjálfbærni sem leiddir hafa verið í ljós með skýrum hætti, ekki aðeins í Noregi, heldur einnig í öðrum fiskeldislöndum svo sem Skotlandi og Chile, svo einhver lönd séu nefnd, virðist lítill gaumur gefinn. Nefndin leggur því til að við frekari áhættumat á Íslandi verði tekið tillit til fleiri áhættuþátta en þeirra sem lagðir voru fyrir nefndina og eru metnir hér af nefndinni.“ (Sjá: <https://www.althingi.is/altxt/pdf/150/s/2029.pdf>)

IWF ítrekar hér enn og aftur að slíkt áhættumat verði bundið í lög og útfært nánar með reglugerð frá ráðherra. Til grundvallar á að vera að þau fyrirtæki sem stunda sjókvíaeldi eiga að tryggja að lús berist frá því út fyrir kvíarnar og að engin eiturefni verði losuð í sjó.

Sjúkdómar í sjókvíaeldi

Í skýrslu VSÓ er því haldið fram að engir alvarlegir sjúkdómar hafi komið upp í sjókvíaeldi við Ísland. Þetta kann að hafa verið rétt þegar skýrslunni var skilað, en er það örugglega ekki lengur. Staðfest hefur verið að ISA-veiran (Infectious Salmon Anaemia) sem veldur sjúkdómnum blóðþorra í laxi greindist í nóvember í sjókví hjá Löxum fiskeldi í Reyðarfirði með þeim afleiðingum að slátra þurfti öllum fiski í kvínni. Þá verður slátrun flýtt úr öðrum kvíum í firðinum og gert er ráð fyrir langri hvíld eldissvæða.

Ekki er séð fyrir hverja afleiðingarnar verða af því að þessi banvæna gerð blóðþorra hefur greinst hér í fyrsta skipti. Þetta er skæðasti veirusjúkdómur sem þekktist í laxeldi. Afleiðingarnar fyrir íslenska villta laxastofninn og sjókvíaeldi hér við land geta orðið hörmulegar.

Rétt er að færa til bókar að kenning dýralæknis fisksjúkdóma hjá MAST er sú að aðstæður eldislaxanna í sjókvíunum í Reyðarfirði hafi valdið ónæmiskerfi þeirra brast og veira sem hefði átt að vera þeim meinlaus stökkbreyttist í banvænan sjúkdóm. Kenning dýralæknis fisksjúkdóma er að umhverfi eldisdýranna hafi valdið þessu en vetrarveður, marglyttur og þörungur hafa lagst á sjókvíaeldið í Reyðarfirði (sjá: www.mbl.is/200milur/frettir/2021/11/30/umhverfislax_a_kvíarnar)

Þegar mikill lífmassi eldisdýra er hafður saman við slíkar aðstæður magnast áhætta á smitsjúkdómum. Þar að auki er þekkt að miklar líkur eru á að uppi komi á endanum alvarlegir sjúkdómar í öllu þauleldi og verksmiðjubúskap, þar sem miklum fjölda dýra er haldið lengi saman á margfalt þrengra svæði en er þeim náttúrulegt.

Þau fyrirtæki sem stunda sjókvíaeldi eiga að tryggja að engir sjúkdómar berist frá því út í lífríkið.

Mengun af völdum koparoxíðs

Umhverfisstofnun hefur nýverið fallist á breyta starfsleyfum sjókvíaeldisfyrirtækja og heimila notkun eldisnótum með ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð. Er það þvert á bann við notkun slíkra netapoka í fyrri starfsleyfum þar sem tekið hefur verið fram að fyrirtækin hafi ekki heimild að losa í sjó efni, svo sem kopar og önnur efni sem talin eru upp í listum 1. og 2. í viðauka reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Sjókvíaeldi er mengandi iðnaður sem skaðar lífríkið. Fyrirtæki sem stunda þessa starfsemi eiga ekki að fá minnsta afslátt frá því að virða þau skilyrði sem þau hafa gengist undir við útgáfu á starfs- og rekstrarleyfum.

Í Noregi, þar sem sjókvíaeldið á sér lengri og umfangsmeiri sögu en hér við land, er ástandið fyrir allnokkru orðið þannig að rauð viðvörunarljós blikka vegna óásættanlegrar koparmengunar í fjörðum landsins frá sjókvíaeldi.

Norska Hafrannsóknastofnunin vakti athygli á þessari stöðu í umfjöllun á vefsvæði sínu í febrúar á þessu ári (sjá: <https://www.hi.no/hi/nyheter/2021/februar/hoyt-kobberforbruk-i-oppdrettsneringen>). Þar kemur fram að kopar frá sjókvíaeldisiðnaðinum mengar hafsbötninn og nágrenni sjókvía sem húðaðar eru með koparoxíði og að ekki sé til staðar næg þekking á afleiðingum þess.

Í umfjöllun norsku Hafrannsóknastofnuninni er bent á að ef fyrirtæki með starfsemi á landi verða uppvis að því að losa umfram tvö kíló af kopar í umhverfið á ári er þeim lokað af yfirvöldum. Sjókvíaeldið losar 1.700 kíló á ári í sjó við Noreg. Þar kemur líka fram að rannsóknir sýna að um 80 prósent af kopar, sem er að finna í ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð, losnar í hafið.

Sjókvíaeldisfyrirtæki við Ástralíu og Nýjasjálaland hafa hætt notkun ásætuvarna með koparoxíði vegna mögulegra skaðlegra áhrifa á umhverfið og lífríkið. (Bannister et al. 2019: <https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/08927014.2019.1640214>).

Það er þekkt og staðfest að kopar er hættulegur lífríkinu. Kopar leysist ekki upp og hverfur af sjálfu sér í umhverfinu. Engin ástæða er til ætla annað en að kopar muni hlaðast upp af sífellu vaxandi magni með tímanum í setlögum og öðru umhverfi sjókvíaeldissvæða í íslenskum fjörðum vegna notkunar á eldisnótum með ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð.

Ekki tókst að finna neina umfjöllun um mögulegar afleiðingar notkunar koparoxíðhúðaðra netapoka á lífríki Íslands í umhverfismatsskýrslu VSÓ.

Mengun á við 1.704.000 manns

Í áðurnefndri skýrslu ráðherra nefndarinnar frá 2020, koma fram ýmis varnaðarorð sem lítill sem enginn gaumur virðist vera gefin í umhverfismatskýrslu VSÓ. Þar á meðal þetta:

i. „*Vísindanefndin hefur bent á að rannsóknir Hafrannsóknastofnunar í núverandi formi fela þannig ekki í sér heildarmat á mögulegum umhverfisáhrifum stækkandi fiskeldisgreinarinnar á Íslandi, heldur mat á tveimur tilteknum áhrifaþáttum.*

Við mælum þannig með að framtíðarvinna taki mið af öðrum hugsanlegum umhverfismálum til þess að ná fram viðtækara mati á umhverfissjálfbærni og burðarþoli.“

ii. „*Ennfremur nær líkanið [burðarþols] sem notað er ekki yfir öll áhrif fiskeldis á umhverfið.*

Mikilvægt er að mati nefndarinnar að einungis sé litið á burðarþol sem fyrsta skref í áætlanagerð um fiskeldi og að umsóknum um rekstrarleyfi fylgi nákvæmara umhverfismat.“

iii. „*Áætlunina um burðarþol ætti ekki að skoða sem vísbendingu um að ætíð skuli heimila fiskeldi upp að hámarkinu.*“

(Sjá: <https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/s/2029.pdf>)

Við þetta viljum við bæta að samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun Noregs má gera ráð fyrir að frárennsli (utslipp) frá hverju tonni af eldislaxi í sjókvíum sé á við skólp (avlöpsutslipp) frá 16 manns (sjá: http://www.miljodirektoratet.no/no/Nyheter/Nyheter/Old-klif/2009/November_2009/Foreslar_strengere_regelverk_for_fiskeoppdrett/). Þetta þýðir að mengunin sem mun streyma í íslenska firði þegar hámarki framleiðslu samkvæmt gildandi áhættumati verður náð verður á við 1.704.000 manns,

Í þessu ljósi óskaði IWF árið 2019 eftir leiðsögn frá Umhverfissráðuneytinu um hvar hægt væri að sjá forsendur þess að reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda 33/2004 gilda ekki um eldi í sjókvíum.

Svar barst fyrir hönd ráðuneytisins frá Stefáni Einarssyni Ph.D., sérfræðingi á skrifstofu hafs, vatns og loftslags, í tölvupósti í 2. apríl 2019. Það hljómar svo:

„Í 1. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, kemur fram að markmið þeirra sé að vernda hafði gegn mengun og athöfnum, sem geta stofnað heilbrigði manna í hættu og skaðað lifandi auðlindir og raskað lífríki og spillt umhverfi. Lögin gilda um starfsemi sem tengist atvinnurekstri sem getur haft áhrif á þessa þætti að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

Lög nr. 71/2008, um fiskeldi, gilda um eldi nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gæta samræmis við framkvæmd laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði og laga nr. 58/2006 um fiskrækt. Áður en hægt að er hefja fiskeldi þarf að gera burðarþolsmat fyrir viðkomandi sjókvíaeldissvæði, tilkynna framkvæmdina til ákvörðunar um matsskyldu, samanber lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, aflla rekstrarleyfis frá Matvælastofnun og starfsleyfis frá Umhverfisstofnun, samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, gilda um starfsemi, sem í þessu tilfalli er sjókvíeldi, að svo miklu leyti sem ofangreind lög gilda ekki um hlutaðaeigandi atriði.

Reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999 gildir um söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúabyggð og tiltekinni atvinnustarfsemi. Reglugerðin gildir enn fremur um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Skólp er skilgreint sem húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns. Húsaskólp er skólp frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannlíkamans og heimilisstarfa, en iðnaðarskólp er annað en húsaskólp og ofanvatn sem losað er frá húsnæði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar.

Fráveitur eru nýttar til flutnings og hreinsunar á skólpi áður en því er veitt út í viðtaka. Í sjókvíum lifir fiskurinn í viðtakanum (sjónum); þar er fiskurinn fóðraður og fóðurleifar og úrgangur frá fiskinum fer beint út í viðtakann. Ekki myndast því skólp sem hægt er að safna og meðhöndla. Á mengunarvörnum vegna fiskeldis í sjókvíum er því að tekið á annan hátt, samanber ofangreind ákvæði um burðarþolsmat, mat á umhverfisáhrifum og rekstrar- og starfsleyfi.“

Viljum við hjá IWF færa þetta svar hér til bókar í ljósi þess að engin starfsemi á landi kemst upp með að senda óhreinsað skólp frá sér beint út í umhverfið og sveitarfélög um allt land innheimta há gjöld af íbúum

sínum til að standa straum af margra milljarða kostnaði við að bæta frárænnismál frá byggð. Á sama tíma fá sjókvíaeldisfyrirtæki að menna firði landsins vegna þess að starfsemi fer fram „í viðtakanum“. Með öðrum orðum þessi iðnaður sækir niðurgreiðslu á starfsemi sinni til náttúrunna með því að senda umhverfinu reikninginn fyrir menguninni sem streymir út um netmöskvana og villtum laxastofnum reikninginn fyrir erfðablönduninni.

Sjókvíaeldi á að uppfylla sömu kröfur um söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps og önnur starfsemi. Hvernig það er gert er þessa iðnaðar að leysa. Losun þungmálma á borð við kopar í hafid á að sjálfsgöðu að vera óheimil.

Útsýni yfir sjókvíar hefur lækkað fasteignaverð

Furðu vekur áhersla skýrslu VSÓ á þætti sem koma lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 ekkert við. Í þessum efnisköflum er þar að auki stuðst við gamlar og úreltar upplýsingar á borð við könnun á viðhorfi ferðamanna á Vestfjörðum til fiskeldis (sjónræn áhrif og ásýnd) sem var gerð 2014 þegar sjókvíaeldi var margfalt umfangsminna en það er nú.

Annað dæmi er kafli skýrslunnar um líkleg áhrif aukningar á sjókvíaeldi á fasteignamarkað. Ályktanir skýrsluhöfunda eru byggðar á afar hæpnum grunni. Fyrirliggjandi gögn eru af skornum skammti, enda stutt síðan sjókvíaeldi fór að vaxa hratt í íslenskum fjörðum.

Áhrif útsýnis yfir sjókvíaeldissvæði á verð fasteigna hefur á hinn bóginn verið skoðað í ítarlegri rannsókn í Skotlandi þar sem sjókvíaeldi hefur verið stundað mun lengur en hér. Farið var yfir fjölda kaupsamninga á fasteignum í nágrenni sjókvíaeldissvæða við vesturströnd landsins og var verð fasteigna þaðan með útsýni yfir laxeldissjókvíar 20.032 pundum (3,6 milljón krónum) lægra að jafnaði en sambærilegra eigna þar sem ekki sást til sjókvía.

(Sjá: „The Effects of Aquaculture and Marine Conservation on Cultural Ecosystem Services: An Integrated Hedonic – Eudaemonic Approach“ <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0921800918315829>) Þetta þarf ekki að koma á óvart. Sjókvíaeldisvíar eru sjónrænt lýti í landslagi hvar sem þær er að finna. Við þær eru líka staðsettir fódurprammar með starfsmannaástöðu sem skera sig verulega úr landslagi.

Rangt reiknað kolefnisspor

Í skýrslu VSÓ er vitnað til skýrslu Environice í kafla um kolefnisspor sjókvíaeldis. Ekki kemur fram af hálfu VSÓ að þessi skýrsla var pöntuð og greidd af Landssambandi fiskeldisstöðva og að Environice hefur aldrei áður rannsakað þessa hlið laxeldis.

Tölurnar sem þar koma fram eru miklu lægri en hins virta norska rannsóknarfyrirtækis SINTEF, sem hefur um árabíl fylgst með og reiknað út kolefnisspor í norsku sjókvíaeldi. Ekkert í íslenskum aðstæðum segir okkur að það fótspor eigi að vera minna hér. Þvert á móti er Ísland lengra frá mörkuðum með eldislax en Noregur, lengra er að flytja fódur hingað en þangað og hið skelfilega háa hlutfall eldialaxa sem drepst í kvíunum er síst lægra hér en þar.

Í skýrslu Environice er því meðal annars haldið ranglega fram að kolefnisfótspor sjókvíaeldislax sé álíka og af veiðum á villtum þorski og virðast þar báðar tölur vera alrangar, af eldi og veiðum.

Samkvæmt rannsóknum SINTEF er kolefnisfótspor norsks sjókvíaeldislax fimm sinnum hærra en af veiðum á þorski.

SINTEF segir losunina vera um 7 kg CO₂-ígilda á hvert kíló af tilbúinni afurð þegar fiskurinn hefur verið fluttur með bíl eða ferju hausaður og flakaður til Ósló. Í skýrslu VSÓ er kolefnisspor sömu afurðar sagt vera 3,21 kg CO₂-ígilda samkvæmt skýrslu Environice.

SINTEF bendir á að kolefnisfótspor sjókvíaeldislax hefur farið mjög vaxandi á undanfönum árum. Helstu ástæður eru þessar:

- Vaxandi fiskidauði í sjókvíaeldinu og viðvarandi lúsafár hefur haft í för með sér meiri umferð brunnbáta og annarrar þjónustuskipa í kringum sjókvíarnar.
- Þessi aukni fiskidauði hefur síðan leitt af sér mun verri fódurnýtingu. Með öðrum orðum, reikna þarf fódur þess fisks sem drepst með í þeim hluta framleiðslunnar sem fer til neytenda.
- Miklu hærra hlutfall fódursins kemur úr plönturíkinu en áður. Þetta eru fyrst og fremst sojabaunir sem eru ræktaðar á gríðarlegu landflæmi fjarri þeim stöðum þar sem laxinn er alinn. Þessi mikla landnotkun og langar flutningsleiðir fódurs vega mjög þungt þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda.

VSÓ þarf að skýra af hverju notast var við könnun sem keypt var af hagsmunaaðila af fyrirtæki sem hefur enga sögu um slíkar rannsóknir í stað þess að sækja gögn um þessa hlið sjókvíaeldis frá hlutlausum og

viðurkenndum rannsóknastofnunum á borð við SINTEF (sjá skýrslu SINTEF: <https://www.sintef.no/siste-nytt/2020/oppdatert-klimaregnskap-for-norsk-sjomat/>).

Brotið á sjálfstæðum tilverurétti villtra stofna

Með því að heimila sjókvíaelði á laxi er brotið á sjálfstæðum tilverurétti villtu laxastofnanna í náttúru Íslands sem þeir eiga samkvæmt lögum um náttúruvernd (1. og 2. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum) og samningi Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, um líffræðilega fjölbreytni en hann leggur áherslu á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þar með talið þeirra erfðaauðlinda sem lífríkið býr yfir. Viðmið Hafrannsóknastofnunar um að 4% erfðablöndun sé ásættanleg samræmist ekki þessum markmiðum og lögum. IWF leggur því til að viðmið áhættumatsins verði fært niður í 0.

Þau fyrirtæki sem vilja stunda þessa sjókvíaelði eiga að tryggja að fiskur sleppi ekki út í náttúruna. Villtir laxastofnar eiga ekki að bera neina áhættu af þessari starfsemi.

Fyrir hönd The Icelandic Wildlife Fund,


Jón Kaldal